

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2005 og breytast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2005 er 304,7 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 22/2003.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 14. desember 2004.

Akureyri, 3. febrúar 2005.

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.

AUGLÝSING**um breytingu á deiliskipulagi og um deiliskipulag frístundabyggða í Grímsnes- og Grafningshreppi.***a) Breyting á deiliskipulagi Borgar.*

Breytingin felst í að gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir skólahúsnæði á svæðinu.

b) Breyting á deiliskipulagi frístundalóðar, Kristínarkoti í landi Bíldsfells/Tungu.

Breytingin felst í að lóð Kristínarkots minnkar úr 32.000 fm í 2.500 fm.

c) Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar, Miðborgum í landi Miðengis.

Breytingin felst í að gönguleið frá Djúpahrauni 3 og 5 að Djúpahrauni 29 og 30 breytist í akbraut.

d) Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Ásgarðs – Sogsbakkar.

Deiliskipulagið nær yfir um 34 ha lands þar sem gert er ráð fyrir 32 lóðum fyrir frístundahús.

Erindi þessi hafa fengið meðferð samkvæmt 25. gr. og 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 4. febrúar 2005.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.